

FV og Vestfjarðastofa

Í samrunaáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða sem gerð var við undirbúning stofnunar Vestfjarðastofu var nokkrum atriðum ólokið.

Hlutverk Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir stofnun Vestfjarðastofu.

- a. Samkvæmt skipuriti er Fjórðungsþing æðsta vald í málefnum Vestfjarðastofu.
- b. FV gerir samninga við Vestfjarðastofu um rekstur skrifstofu og umsjón og framkvæmd sóknaráætlunar
- c. Stjórn FV hefur eftirlitshlutverk með að Vestfjarðastofa uppfylli samningana
- d. FV hefur hlutverk landshlutasamtaka í samskiptum við ríki og sem landshlutasamtök er FV sá aðili sem ríkið beinir erindum til sem varða fjórðunginn.
- e. FV er samstarfsvettvangur sveitarfélaga.
- f. Tilnefningar í stjórnir í nafni Fjórðungssambands Vestfirðinga
- g. Stjórn fundar tvisvar á ári – fyrir ársfundadag og haustþing

Hlutverk Vestfjarðastofu:

Vestfjarðastofa er skrifstofa FV og annast rekstur skrifstofu og verkefna samkvæmt samningum við FV, Byggðastofnun, Ferðamálastofu og aðra sem samið verður við um slíkt. Gerðir verði samningar milli FV og Vestfjarðastofu um framkvæmd verkefna.

Starfsmenn koma fram fyrir hönd Vestfjarðastofu sem verður hinn almenni samnefnari fyrir byggða- og atvinnuþróunarmál Vestfjarða.

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri byggðasviðs Vestfjarðastofu hafa umsjón með þeim verkefnum sem tilheyra rekstri og umsýslu verkefna fyrir FV svo sem:

- Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi – umsagnir almennt gerðar í nafni Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga til að umboðskehja sé skýr
- Vinnu við sóknaráætlun landshluta
 - o Áhersluverkefni sóknaráætlunar
 - o Uppbyggingarsjóður – rekstur og umsýsla
- Samskipti við önnur landshlutasamtök – sem Vestfjarðastofa
- Samskipti við starfsmenn stjórnarráðsins
- Samskipti við sveitarstjórnarmenn á starfssvæði FV
- Rekstur fastanefnda
- Annast undirbúning og framkvæmd Ársfundadags og Haustþings

Lögbundið framlag frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga (31 m)

- FV gerir samning við Vestfjarðastofu um framkvæmd verkefna sem unnin eru fyrir fjármagn jöfnunarsjóðs.
- FV heldur eftir fjármunum til lífeyrisskuldbindinga og stjórnarlauna og ef um er að ræða sérverkefni (t.d. 70 ára afmæli 2019)
- **Verkefni:** rekstur skrifstofu, laun, ferðakostnaður ofl.
- Tillaga 2018:

Árstillag sveitarfélaga til FV (35,4 m)

- FV gerir samning við Vestfjarðastofu um rekstur skrifstofu og sértækra málaflokka s.s. markaðsmál, atvinnuþróun og nýsköpun, menningarmál og umhverfisvottun.
- Tillaga 2018:
- **ATH:** Viðbótarframlag þyrfti frá sveitarfélögum til að mæta lífeyrisskuldbindingum sem áfram verða hjá FV.

Samningur við Ferðamálastofu (22,9 m)

- Verið að semja og Vestfjarðastofa er samningsaðili.

Byggðastofnun (41,2 m)

- Vestfjarðastofa tekur við sem samningsaðili

Sóknaráætlun Vestfjarða (107,6 m)

- FV semur við Stýrihóp stjórnarráðsins um byggðamál
- FV gerir samning við Vestfjarðastofu um framkvæmd og utanumhald Sóknaráætlunar
- Tillaga 2018:

Brothættar byggðir (10,2 m)

- Skoðum hver er samningsaðili - Vestfjarðastofa tekur við samningi við Byggðastofnun ef leyft.
- Aðilabreyting

Þinghald

Ársfundadagur:

Haldinn að vori. Á sama degi væri Fjórðungsþing Vestfirðinga, ársfundur Vestfjarðastofu, mögulega einnig Byggðasamlags og annarra eininga sem sveitarfélög og atvinnulíf reka saman.

Verkefni: Hefðbundin ársfunda/aðalfundastörf allra eininga á einum degi. Haldið að vori, helst fyrir 1. maí ár hvert, annað hvert ár á norðursvæði, hitt árið annað hvort á Ströndum/Reykholum eða Suðursvæði.

2019: Lagt er til að ársfundadagur árið 2019 verði á Þingeyri þann 10. maí 2019

Haustþing Vestfjarðastofu

Tveggja daga þing. Haldið að hausti. Þema skilgreint fyrir hvert þing. Annað hvert ár á norðursvæði, hitt árið annað hvort á Ströndum/Reykholum eða Suðursvæði.

Verkefni: Starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs, framtíðarsýn ef á þarf að halda, fjalla um málefni sem hæst bera, fyrirlesarar, umræður og ályktanir. Stjórnarkjör þau ár sem kosningar eru.

2019: Lagt er til að haustþing Vestfjarðastofu verði á Hólmanvík 4.-5. október 2019

	Ársfundadagur	Haustþing
2018	Suðursvæði	Norðursvæði
2019	Norðursvæði	Strandir
2020	Strandir	Norðursvæði
2021	Norðursvæði	Suðursvæði
2022	Suðursvæði	Norðursvæði
2023	Norðursvæði	Strandir
2024	Strandir	Norðursvæði
2025	Norðursvæði	Suðursvæði
2026	Suðursvæði	Norðursvæði
2027	Norðursvæði	Strandir